Inngangsræða að ársfundi.

Flutt í Unitarakirkjunni Sunnudagskvöldið 9. febr. 1919.

"Oss er mál að rísa upp af svefni. Nóttin er umliðin og dagurinn er í nánd." Róm. 13, 11—12.

Kæru vinir!

Safnaðarár vort teljum vér frá ársfundi til ársfundar. Að réttu lagi ætti það að vera talið frá 1. febrúar ár hvert, því þá var söfnuður vor stofnaður fyrir 27 árum síðan, en svo hafa ársfundir jafnaðarlegast verið haldnir á sunnudag, öðru hvorumegin mánaðamótanna, hefir ársbyrjunin því færst til svo að safnaðarárið hefir stundum orðið rúmt en stundum lakt almanaksár. Að þessu sinni er það rúmt almanaksár eða nær viku betur. Það er vetrarauki. — Það er íslenzku tímatali samkvæmt að auka við annaðhvort missiri, þegar svo stendur á, en óvanalegt er þó að aukinn sé lagður við veturinn, heldur við sumarið, því það hafa menn viljað auka sem mest og halda í sem lengst. En það er vetrarauki hjá oss, og hefir verið þetta liðna ár, í fleira en einum skilningi. Sjaldan munu íslenzk félagsmál, frá því þeirra getur fyrst hér í landi, hafa átt við meiri erfiðleika að stríða eða átt örðugar uppdráttar en þetta síðastliðið ár. Þar auðvitað margt til þess, en þó aðallega þær ástæður er öllum einstökum mönnum voru óviðráðanlegar og stöfuðu af ófriðnum mikla. Eftir því sem hann hélst lengur og dýrtíðin samfara honum óx, dró meira og meira úr getu manna til að styrkja og efla þau heimamál, er þeir áður gátu lagt litt skilta krafta við. Svo mikið kraftaríkið í stóru og smáu sér til aðstoðar, að hitið varð eftir afgangs hjá mörgum til annara hluta. Þa eins og oft vill verða, þegar svo er komið að menn finna að þeir geta eigi gefið sig eins við félagsstarfinu og þeir höfðu áður gert, smá kólnar áhuginn hjá þeim fyrir því, unz að hann sem næst hverfur alveg. Það gleymist að félagsskapurinn hefir viðtækari þýðingu til að bera en þá, sem snertir hvern einstakan mann, svo að með hvaða móti sem dregið er úr starfi hans og áhrifum, er að einhverju leyti brugðist þjóðfélaginu í heild. Því að allur nýtur félagsskapur lifir ekki sjálfum sér, heldur lifir hann og deyr þjóðfélaginu, þeim sem í honum standa og þeim sem utan hans standa, öllum sem móttækilegir eru fyrir andleg áhrif eða þarfnast þeirra.

Hið annað, er og einnig hefir kapað öllum félagsmálum erfiðleika, og af sömu rót runnið, er hannfæðin. Ríkið hefir neytt til að kalla alla verkfæra menn og á ezta aldri í sína þjónustu á einn eða annan hátt. Flestir hafa verið alladir í herinn, en nokkrir til eirrar vinnu er lýtur að framleiðslu landinu, til að fylla í skörðin fyrir á er frá því verki hafa verið tekn-

Hefir þetta leitt til þess, að þar m haldið hefir verið uppi félagsarfi, hefir mátt til með að safna eira verki á hvern og einn er eftir fir verið, en hann hefir þægilega tað af hendi leyst. Og þó hefir ðið að setja margt nauðsynlegt rf til síðu, því það hefir ekki verhægt að koma verkum yfir það. fir því orðið lítið úr mörgu, er ar var gert, en sumt verið með a lagt niður.

Ið þessar ástæður hafa söfnuðir allur kirkjulegur félagsskapur ð meira en flest önnur félög, na þess hvað starfssvið þeirra er gripsmikið og verkið er útheimt þeim til viðhalds margvíslegt. í því ekki er um neinar fastar ur að ræða, er kirkjufélagsskap il þess knúður — þó í engan a sé það virðingu hans samboð-, að leita fjárhagsútvega með tomuhaldi af ýmsu tagi. En af nfæðinni stafar það, að á þessu tliðna ári hefir það verið lítt ilegt, svo hefir líka annað komr til greina. Félög hafa myndseð því augnamiði að aðstoða opinbera og bæta úr einhverjinna óteljandi þarfa er leitt af ófriðnum. Hafa þau að leyti helgað sér og sinum ðum alt samkomuhald, því einhverju móti urðu þau að saman fé; svo að söfnuðir jafnvel til þess, að þeim væri jugrein eigi meir en svo frjáls, r væru að taka fé frá öðrum, þess hefði meiri rétt, og ár viðurkendan af ríkinu. Var amræmi við þá skyldu að láta ðalin víkja fyrir hinum. Því ber að gæta, að gjaldþol til na, þess sem fátækur er, er o takmarkað og að sá sem ir nema dollar til að eyða sér utunar, hann eyðir honum ma einu sinni. En sízt er það kirkjunnar að hvetja til eyðslusemi í þá átt eða krafja ekkjuna um hennar síðasta pening. Þess fleiri sem eru til skifta um hlið leyfðega gjald til skemtana, þess minna fellur í hlut og til þeirra hluta sem gera skal. Að hafa samkomurnar fleiri, lokka meira út af fé en í hið ýtrasta eyða mátti, var hvorki sæmilegt, viturlegt eða rétt. Að koma af stað samkomukeponi er þeim félögum leyfilegt, er vinna vetla mannfélagi tjón, en hlæum ekki. Því jafnvel eins og var fyrir stríðið, þá var alt of mikið að samkomuhaldi gert, því það hvorki uppvakti eða styrkti hinn rétta gjafaþug eða styrkveitingaþugsun til göfugra málefna, heldur kveikti það óheilbrigða löngun — svallþrá, sem selur sinn síðasta pening fyrir skemtanir, er þó hvorki næra hugsanalífið, eða seðja eða klæða líkamann, en öfugsæan þáttinn eiga í að kirkjurnar eru tómar, börn í upprelst gegn foreldrum, og ríki fátæktarinnar andlegri og líkamlegu, hið lang-útbreiðasta og mannflesta ríki hér í heimi. Þá hugsun þarf að kveikja í huga allra, að það sé ekki eingöngu sjálfsagt, heldur hið eina samboðna hverjum manni, er hefir rétta sjálfsvirðingu til að bera, að leggja eitthvað ákveðið af mörkum til uppbyggingar andlegum málum mannfélagsins. Það ætti að vera eitt af því, sem talið er sjálfsagt, að lifa eigi svo sjálfum sér, eða inni í sjálfum sér, að maður gleymi því að maður lifi einnig í stærra samfélagi, sem maður hefir skyldur við að rækja. Engum er unnið meira tjón en einstaklingnum sjálfum, með því, ef samfélagið er hugsjónasnautt og allar frelsis og framfarahugsanir hvíla í doða og dvala. Það verkar á heimilin, á alt starf manna, jafnvel stýfir vængi allra hugsana, er finni vilja beina upp yfir hið hversdagslega. Hvernig eiga slíkar hugsanir að geta ððlast nokkurt gildi, í hugsanadauðu samfélagi?

Hún er aumkvunarverð umkvartanin sára yfir andleysi þjóðfélagsins, er svo undur oft heyrist meðal þeirra manna, er kalla sig hugsandi menn, því eiginlega er hún ekkert annað en játning eigin yfirsjóna og vanrækslu á skyldunum gagnvart þjóðfélaginu. Andleysið er þjóðfélagsins sjúkt eiginlegt en líðbreytt hugsjónalíf. En hugsjónalífið, eins og alt annað manninum viðkomandi, fær ekki að þróast nema við það sé lögð rækt. Þess vegna, þar sem hugsjónalífið vantar algerlega, er það augljós vottur þess að þá ræktarsemi brestur, og er engu um að kenna nema mönnunum sjálfum. Sá skattur, er til sameiginlegra mála samfélagsins er lagður, er því hvorki óþarfur né þýðingarlaus, og þess almennara sem hann er framborinn, þess betur standa hin andlegu mál og þess hærra stendur það þjóðfélag í framfaralegu tilliti.

Þó það helzta sé nú þegar talið, er félagsmálunum hefir skapað erfiðleika þetta ár, er þó eitt ótalið enn og eigi hið sízta, en það er hinn mikli og sorglegi manndauði framan af á þessum vetri, af völdum hinnar afarskæðu landfarsóttar er geysað hefir um allan heim. Hafa næsta fá heimili svo sloppið að eigi bera þau menjar þeirrar veiki á einn eður annan hátt. Einmitt þegar fyrirsjáanleg voru úrslit og endalok stríðsins, heimsækir oss þessi vágestur, svo að um langan tíma var eigi fyrirsjáanlegt hverjir myndu heilir undan komast þeirri plágu. Um göturnar óku líkfylgdir allan liðlangan daginn. Meðan á þessu stóð, eða sem næst í tvo mánuði samfleytt, var alt samkvæmislíf bannað svo að eigi voru opnaðar kirkjudyr frá því fyrsta sunnudag í okt. til fyrsta sunnudags í desember. Hefði plágunni þá verið létt svo að til fullkominna starfa hefði mátt taka, hefði að sumu leyti alt mátt teljast vel, tveir mánuðirnir mátt heita stundar uppihald, eða töf, en svo hefir eigi verið. Því svo megn hvildi veiki þessi á heimilum vorum, að eigi gátum vér komið hér saman, yfir allar hátíðirnar, að jóladeginum undanteknum, og þá að eins sárafáir, sem þó hefir verið venja til um ótal mörg ár. Og fram að þessu kvöldi í kvöld hafa kraftar vorir verið á margan hátt lamaðir og starfsemin eigi jöfn og þegar betur hefir látið.

En nú er þessi vetrarauki hjá liðinn og skemra eftir til sumarmálanna í öllum skilningi en liðið er, og vonum vér að eigi göngum vér svo lamaðir undan vetri að vér reynumst eigi hæfir fyrir sumarstarfið. Við oss horfir kyrlátari og róstuminni tíð en sú horfna hefir verið. Eru það og allra vonir að atvinnuvegir og lífnaðarhættir komist í meir reglubundið horf en verið hefir. Þeir erfiðleikar félagsmálanna, er vér höfum drepið á, eru horfnir, svo að starfsemin ætti skjótt að geta komist í sitt forna horf og tekið nýjum framförum.

Hið al-þýðingarmesta fyrir kirkjufélagsskap vorn er að hann hefir bjargast af yfir þenna tíma og er við búin, til að akast í fang nýtt starf og aukna þjónustu á hinum komandi tíma. Svo mörg félög hafa ekki lifað af þenna tíma, eða ganga svo inn á hin nýju tímamót, að þau eru [illegible] og eigi annað alls þess er þau voru áður. Prófið hefir verið svo strangt og kraftist svo ótvíræðra svara. — Með aukinni þekkingu og auknu og skírðu trúarlífi gengur kirkja vor inn á hina nýju tíð. Að vita áðið, ef til vill, nokkuð saman dregin að höfðatölu, en að voru áliti með aukna og betur samræmaða krafta en áður. Hún hefir ððlast meiri og dýpri skilning á boðskap sínum og köllun en hún hafði. Á þessum umliðna tíma hefir reynt meir en nokkru sinni fyr á það, hvers virði, og hvaða gildi hinar frjálsu lífsskoðanir hafa til að bera. Komið hefir í ljós að þýðing þeirra og ævarandi gildi er í þeim sjálfum fólgið og þarf eigi við neitt að styðjast, sem fallvalt er í þjóðfélaginu, í einni eða annari mynd. Þess vegna, þó öllu þesskonar sé sópað burt, standa þær stöðugar og óhaggaðar eftir sem áður. Vér höfum fundið að boðskapur þeirra er eigi eingöngu gildandi fyrir eitt tímabil æfinnar eða yfir nokkur ár, heldur fyrir alt lífið og alla tíma. Að trúarskoðanirnar verða að ná ekki eingöngu yfir hádegi æfinnar, heldur út yfir líf og dauða, til ungra og gamalla og allra sem þar standa á milli. Með þessar skoðanir hefir lífinu verið að mæta á þessum tíma, og þær hafa reynst farsælar, viðsýnar, mannúðlegar, og lausar við öfga, belskju eða biturleika. Og með þær höfum vér staðið andspænis dauðanum og ekki hræðst.

Þessi dýpkun trúarlífsins hefir verið stöðug framför um all-langan tíma. Vér unum því vel, ekki eingöngu að heita heldur og að vera trúarbragðalegur félagsskapur, er leitast við að sameina og útskýra lífstilganginn í fullu samræmi við eilífleika þugtökin fögru, "fegurð, sannleika og réttlæti", og í þeim að finna hið sanna gildi mannlífsins. Vér vitum eigi hvort þér hafið gert yður glögga grein þessara framfara, og þó þorum vér að fullyrða, að án þeirra hefði félagsskapur vor eigi staðist eldraun þessara umliðnu tíma. Hann hefir eingöngu lifað vegna skoðananna, sem aflmeiri eru en umbrotin í heiminum. En hitt vitum vér, að hvað sem öðru líður, óskar ekkert af oss nú orðið að hverfa aftur til baka til hinna fyrri tíma áður en skoðanir vorar höfðu náð þeim þroska, er þær hafa ððlast. Vér deilum eigi lengur á forna spámenn eða horfna leiðtoga, er hver um sig gaf heiminum sitt bezta. Vér deilum eingöngu á falsspámenn og þá leiðtoga nú, er slökkva vilja kærleiksneistann og bróðurhugsunina, er boðskapur Jesú Krists hefir kveikt í brjóstum mannanna. Vér deilum ekki á neinn, sem í einlægni og með lotningu leitar að tilgangi lífsins í eilífleikahugtökunum fögru. Það er sá einkaréttur, er hverjum er meðfæddur, og með því að nota hann hagnýtir hann og hina aðra einkagjöf lífsins, samvizku- og skoðanafrelsið. Að allir hugsi eins, varðar engu, enda er það ómögulegt, en að allir séu samferða, á sömu lífsleiðinni, og með samhygð í hjarta, varðar öllu.

Það atriði trúarstefnu vorrar, er menn upphaflega gerðu sér minsta grein fyrir, og lýtur að leiðsögn og gildi meistarans og trúarhöfundarins sjálfs, hefir skýrst, opnað fyrir oss nýtt sjónarsvið og fylt hugann með lotningu og þakklæti til hans og þeirra lærisveina hans, er honum líkir hafa lifað og dáið, bæði fyr og síðar. Og líf vort er auðugra fyrir þá hugsun, óeigingjarnara, sem það finnur hvað mikið gott það á þeim að þakka, er horfnir eru af þessari jörð. Vér höfum ekki sjálfir veitt oss öll þau gæði, sem vér njótum, það hafa aðrir veitt oss þau, margfaldlega, og eftir alt saman er minst og aðallega það sem fánýtast er, frá oss sjálfum tekið. Það blíðkar og göfgar hugsunarháttinn eigi lítið, þegar sú hugsun sigrar. Og það, hvetur hvern og einn til þess að halda sig meir og meir við hugsjónir þeirra, fylgja þeirra skilningi á lífinu, sjá í dæmi þeirra fyrirdæmin, er mæla má með allar stefnur og kenningar, á hverri tíð.

Vér erum komin yfir þetta tímabil. Kirkja vor hefir bjargast úr róti þessara ára. Að komast yfir þessi tímabil hefir þó eigi verið með öllu erfiðislaust eður án alls sársauka, — var og líka tæplega við því að búast. Að alt hefir hlotið jafn farsælan enda má þakka eigi sízt hinum aukna og dýpri skilning á boðskap og köllun trúar vorrar, er skapað hefir meira stöðugleyndi og viðsýni, meira umburðarlyndi og sáttýsi og eigi látið yfirbugast fyrir mótgerðir eða smá erfiðleika, og svo sanngirni og trúmensku forstöðunefndarinnar sjálfrar og meirihluta safnaðarins. Flestir munu hafa fundið til þess, að með því að halda áfram starfi hafi þeir eigi verið eingöngu að erfiða fyrir sjálfa sig, eða sér til hagnaðar á einalega vísu, því sá hagnaður hefir verið ærið smár, heldur að viðhaldi þess hugsanalífs, er margreynt er — og þarf þar engar trúar til — er verið hefir og verða mun þjóðfélaginu til margfaldrar blessunar. Á þessum liðna tíma hefir verið unnið að viðhaldi þessa trúar og hugsjónalífs í þeim anda, er fundið hefir til með þeim, hverjir sem þeir hafa verið, og hefni öllum, er liðið hafa, réttlausir eða forsvarslausir, blindir eða sjáandi, afskiptaleiddir eða vitfirtir við þær sóru hörmungar, er yfir veröldina hafa gengið. Fáum vér eigi annað skilið en að það sé í samræmi við tæpinga trúarhöfundarins mikla, er brýnir fyrir oss bræðralagshugsunina og að kærleikur guðs nái til allra manna: er hvetur oss til fyrirgefningar en eigi til hefnda. Hafi nokkru sinni verið þörf á að flytja þann boðskap meistarans, þá hefir það verið nú á þessum tímum, er svo mjög hafa reynt á þolinmæði og réttsýni manna, vegna hinna mörgu ofbeldisverka, er hin hamóða öld hefir framið. En að bregðast þeim kenningum nú, var að bregðast köllun trúar vorrar og kirkju, bregðast þeim arfiðum, er veitir þeim óviðjafnanlegt gildi fyrir framför mannkynsins nú og á hinum tilkomandi tímum. Að bregðast þeirri miðhugsun þeirra, er telur það hina viðbjóðslegustu kenningu, að réttlætið reki burt frá sínu auglíti um aldur og æfi nokkurn, fyrir nokkrar þær gerðir er hann hefir drýgt. En í eðli sínu verður réttlætið eigi sundurgreint og talið mismunandi eðlis, eftir því hvort það snertir hið tímanlega eða hið eilífa.

Vér höfum fundið til þess, að sem á undan þessu stríði, svo og samfara því, og á margan hátt því, óviðkomandi, hefir verið háð annað og engu óvægara stríð, hið eilífa stríð er staðið hefir frá því heimurinn varð til og eiga mun eftir að standa um ómæli ára enn, stríðið milli ljóss og myrkurs, milli sannleika og lýgi, milli réttlætis og ranglætis. Að sleppa sjónum af því hefði verið að bregðast köllun kirkju vorrar, því um þátttöku í því er hver og einn skylduguf, er játast undir hinar frjálsu lífsskoðanir. Þeir eru skyldir til að standa í ljóssins her, frelsismegin, sanngirninnar megin. Það er eigi þar með sagt að þeir geri það, því það er eigi sagt að allir séu ávalt og í öllum efnum trúir sinni hæstu og helgustu köllun. Á það vantar oftast mikið. Að taka þátt í því stríði var og líka að leggja eitthvað til í þarfir þjóðfélagsins og hinna komandi tíma. Fyrir þátttöku vora í þessu stríði, fremur en afskiptleysi vort um hitt, því um það höfum vér eigi verið afskiptalaus, höfum vér hlotið óverðskuldaðar ásakanir frá þeim tveimur andstæðu hliðum, er fremja hafa viljað ofbeldi með uppreist, eða með ofsóknum. Þær ásakanir hafa skapað erfiðleika, en eigi valdið sviða eða sársauka, nema þegar þær hafa komið frá þeim, er vér, vegna margra ára umgengni og viðkynningar, vorum fulltrúa að væru nákunningjar og vinir. Að þeir gátu fengið sig til að hugsa það um oss, er setti þeim þann eina kost, að skilja leiðar til þess að spillast eigi af samfélaginu við oss, hlaut að vekja umhugsun, er með öllu er ekki sársaukalaus, um það á hverju mannlegur vinskapur byggist: hvort altaf sé undirniðri í huganum grunsemi, enn dýpra grundvölluð en alt annað, á drengskap vinarins, er svo getur funað upp, við augnabliks hugboð, að hún sópi burtu öllum minningum og sameign liðinna daga, öllu því sem hefir verið lifað saman, hugsað saman og notið saman, svo að ekkert sé eftir. Hvort öll mannleg vinátta hvíli jafnan á kviksyndi tortrygðar, og að hún finni ekkert það í eðli og upplagi samferðamannsins, er hún getur virt, jafnvel lifað á, þótt á milli beri í skoðunum, en verði því að sökkva og hverfa ofan í kolblátt undirhygggjudjúpið.

Það aðkast, að vér höfum verið ótrygg þessu þjóðfélagi voru hér, en sýnt samhygð með óvinaþjóðunum, höfum vér látið sem vind um eyrun þjóta. Af beinni vanþekkingu á starfi voru hafa nokkrir borið fram þá kæru, en aðallega er hún runnin frá þeim skoðanamálum, sem andstæð eru vorum, og bera stærri ábyrgð gagnvart þeim hugsunarhætti er af stað hefir hrundið hörmungunum miklu, en þau gera sér grein fyrir og vilja í fljótu bragði viðurkenna.

Oss hefir ekkert verið fengið þess að leika með fram á þjóðfélagstorginu, lífsskoðunum vorum styrktar og meðmælingar hjá inni. Enda hefðu þær einkis ar notið af því. Það er þeir styrkur, þjóðinni meiri not að þær hafa aldrei mælt veldi, aldrei hlaðið undi andlegra eða veraldleg höfðingja, aldrei tekmarkað hóflegan og sanngjarnan hugsunarhátt, aldrei nær sannleiksrannsóknir af neinu tagi, eða breytt eða hallað guðshugmyndinni eftir geðþekni manna. Þær hafa verið fluttar og kendar opinberlega til þess að mannréttindin skyldu eigi yfirgefa jarðríkið, svo að jörðin sjálf yrði örugg bústaður þjóðveldisins. Þær hafa verið kendar og fluttar til þess að maðurinn hefði aðgang, milligangaralaust, að uppsprettu síns eigin sálarlífs, að æðstu hugsjónum anda sins, fengi leyfi til að sníða æfi sína eftir fullkomnasta tilgangi lífsins, að með hreinar hendur og hreint hjar a hann þyrði í lífi og dauða að standa frammi fyrir skapara sínum óskelfdur og ókvíðinn: að í andstreymi og sorgum hann gæti hallað höfði sínu í drottins skaut; í gleði fagnað yfir fegurð og dásamleik og mikilleik lífsins, og í dauða lokað augum í svefni ókvíðinn yfir komandi nótt. Vér höfum viljað halda í við öðr á báðar síður, hér sem annarsstaðar, þar sem trú vor er kend.

Afskiftalaus höfum vér eigi verið af þessu stríði, en oss hefir öll langað að afskiftin gætu verið til góðra hluta. En margskifting kraftanna og getuleysi er um að kenna, að þau hafa eigi orðið til stórra muna. Af eigin hvötum hafa um 40 karlar og konur boðið sig fram í þjónustu ríkisins, og hefir enginn öðrum aftrað eða annan kvatt. Af eigin vilja hefir það alt verið gert og án allrar lagaþvingunar. Fyrstur allra íslenzkra safnaða gengst söfnuður vor fyrir því að senda jólakveðjur og glaðningar burtfornum Íslendingum, og fær í samfélag með sér hin önnur íslenzk ungmennafélög í þessum bæ. Átti upptökin að því ein félagssystir vor. Safnaðist nokkurt fé til þessa fyrirtækis, og var afgangur þess, ásamt framhaldi þess verks, falið hyggnari og ráðsettari höndum og var það vel, því það verk sem sá félagsskapur hefir unnið, er við tók, hefði engin kirkja eða einstakur söfnuður getað unnið jafn vel. Og undir[illegible] á minnum þess félagsskapar er hjá einni félagssystur vorri. Forstöðu hans hefir hún haft upphaldslítið frá því að hann varð til, og undir sjórn hennar hefir félagsskapurinn blómgast og blessast og öðlast hylli guðs og góðra manna yfir allt þetta land. Kröftum sínum hefir hún helgað starfsemi hans, er eingöngu var fólgin í miskunnarstarfi heima fyrir og út á við, og hve nærri sér hún hefir stundum genið fær enginn sagt nema sá sem alt sér. Vér biðjum afsökunar á því, ef vér snertum þar of viðkvæma strengi, en því viljum vér bæta við að óeigingjarnara verk hefir enginn unnið. Launin hafa oft verið misskilningur, mögl og vanþakklæti. Það er að segja þessi algengu laun. En það eru önnur laun, sem þetta og öll samskonar verk eru launuð með, en það er innri sátt, við sitt æðsta og bezta upplag, við samvizkuna og við guð, og það eru fullkomnu launin.

Hjálparsamskota hefir söfnuður vor gengist fyrir lítillega, og í þeim efnum höfum vér valið eina sérstaka þörf, vegna þess að oss hefir virzt svo lítið vera um hana hirt og fáir sem heyra kveinstafina þaðan. Það er til barnanna og allsleysingjanna í landi Krists, til þjóðarinnar ó[illegible] fólksins, er heiftaræði hins brjálaðr grimdarhuga hefir slegið niður s gras. Um það land er lesið m á helgum dögum; um börnin, er voru til Jesú svo að hann

(Framh. á 3.

Þú munt und

Ef þú lítur veiklule
arlystin er slæm, e
harðlífi, uppþemb
svefninn er óvær
brotinn og star
taktu strax Tri
ir of Bitter W
ast yfir því
ist af hin
meðals.
hverri ly
rican E
legt m
sett
og
In
W

rast.

ga út, ef mat-
f þú þjáist af
, höfuðverk, ef
, ef þú ert niður-
fsþólið bilað, —
ners Amerikan Elix-
ne, og þú munt undr-
að þú skulir hafa kom-
gað til án þessa ágæta
Þú getur keypt það í
fjabúð, því Triners Ame-
ixir of Bitter Wine er leyfi-
æðal, sem í alla staði er sam-
samræmi við vínbannslögin,
samkvæmt reglugerðum frá "S.
ternal Revenue Department í
Washington, 2. maí 1919. Inni-
hald þess: bitrar jurtir, berkir og
rætur, hafa fylsta meðalagildi,
verka vel þarmana og hálda þeim
hreinum. Þetta meðal, ásamt
Triners Angelica Bitter Tonic, sem
er ábyggilegt til styrkingar líkam-
anum, hefir áunnið sér frægasta
orðstír í síðastl. 29 ár. Fæst hjá
lyfsölum. — Joseph Triner Com-
pany, 1333—43 S. Ashland Ave.,
Chicago, Ill.

til
ags-
til
þjóð-
styrkt-
n meiri
og gæði,
með ein-
valdastól
a einvalds-

NÝ SAGA — Æfintýri Jeffs Clayton eða Rauða Drekamannsins, nú fullprentuð og til sölu á skrifstofu Heimskringlu. Kostar 35c. send póstfritt.

Mórauða Músin

Þessi saga er bráðum uppgengin og ættu þeir, sem vilja eignast bókina, að senda oss pöntun sína sem fyrst. Kostar 50 cent. Send póstfritt.

G. A. AXFORD
Lögfræðingur
503 Paris Bldg., Portage og Garry
Talsími: Main 3142
WINNIPEG

J. K. Sigurdson, L.L.B.
Lögfræðingur
708 Sterling Bank Bldg.
214 ENDERTON BLDG.
Phone: M. 4992.

Arni Anderson . . . . . E. P. Garland
GARLAND & ANDERSON
LÖGFRÆÐINGAR
Phone: Main 1561
801 Electric Railway Chambers

RES. PHONE: F. R. 3755
Dr. GEO. H. CARLISLE
Sérfræðingur Eyrna, Augna Nef og Kverka-sjúkdóma
ROOM 710 STERLING BANK
Phone: Main 1284

Dr. M. B. Halldorso
401 BOYD BUILDING
Tals.: Main 3088. Cor. Port og
Stundar einvörðungu berk
og aðra lungnasjúkdóma.
finna á skrifstofu sinni kl.
f.m. og kl. 2 til 4 e. m.—H
46 Alloway Ave.

Talsími: Main 5307.
Dr. J. G. Snidal
TANNL
614 Some
Portage Ave.
EINIR
ræt Block
WINNIPEG

Dr. J Stefánsson
401 BOYD BUILDING
Horni Portage Ave. og Edmonton St.
Stundar eingöngu augna, eyrna, nef og kverka-sjúkdóma. Að hitta frá kl. 10 til 12 f.h. og kl. 2 til 5. e.h.
Phone: Main 3088
627 McMillan Ave. Winnipeg

Vér höfum fullar birgðir hreinmeð lyfseðla yðar hingað, vér ustu lyfja og meðala. Komið gerum meðulin nákvæmlega eftir ávisunum læknanna. Vér sinnum utansveita pöntunum og seljum giftingaleyfi.
COLCLEUGH & CO.
Notre Dame og Sherbrooke Sts.
Phone Garry 2690—2691

A. S. BARDAL
selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Ennfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
813 SHERBROOKE ST.
Phone G. 2152 WINNIPEG

TH. JOHNSON,
Ormakari og Gullsmiður
Selur giftingaleyfisbréf.
Sérstakt athygli veitt pöntunum og viðgjörðum útan af landi.
248 Main St. Phone M. 6606

GISLI GOODMAN
TINSMIÐUR.
Verkstæði:—Horni Toronto St. og Notre Dame Ave.
Phone Garry 2988 Heimilis Garry 899

J. J. Swanson H. G. Hjartkeson
J. J. SWANSON & CO.
FASTEIGNASALAR OG . . . .
peninga miðlar.
Talsími Main 2097
808 Paris Building Winnipeg

HAFIÐ ÞÉR BORGAÐ HEIMSKRINGLU?
Ekið líta inn á blaðið yðar — hann segir til.